hugðist leita fyrir sér í París þó honum félli ekki alls kostar við tónlistarsmekk Frakka. Hann vildi láta á það reyna hvort hann gæti ekki aflað sér tekna sem tónlistarmaður, kennari og leiðandi tónskáld í stórborginni. Hann kynntist þar fyrrum sendiherra Frakklands í London, Duc de Guines. Sá kunni nokkuð fyrir sér í flautuleik þótt áhugamaður væri, jafnvel svo að Mozart notaði orðin „außerordentlich gut" um leik hans. Dóttir hans gerðist nemandi Mozarts í tónsmíðum. Ekki er látið af hæfileikum hennar á því sviði, en hins vegar notaði meistarinn orðið „magnifique" um hörpuleik hennar. Fyrir þau feðgin skrifaði Mozart konsertinn sem hér er fluttur. Eftir móður hans er haft að hann hafi skrifað fyrir tvö einleikshljóðfæri til þess að spara sér að skrifa tvo konserta. Þessa sögu er líklega álíka mikið að marka og sögnina um að Mozart, þessum meistara flautubókmenntanna, hafi í raun aldrei líkað flautan.

Sinfónía nr. 9 í e-moll er tvímælalaust þekktasta sinfónía **Dvoráks**. Hún er samin í New York árið 1893 fljótlega eftir að tónskáldið kom þangað til að gerast kennari í tónsmíðum og listrænn forstjóri National Consevatory of Music. Tilgangur forstöðumanna skólans var að lífga upp á tónlistarlífið vestanhafs og móta nýja ameríska tónlistarhefð. Dvorák hófst þegar handa með að safna stefjaefni úr amerískum samtíma. Sinfónían var fyrsta verkið sem hann samdi í New York og í henni bregður fyrir brotum úr tónlist indjána og negra auk evrópskra þjóða. Skriftirnar hófust 10. janúar og 24. maí lauk tónskáldið við handritið með orðunum „Fine, guði sé þökk". Nafngiftin „Frá nýja heiminum" er frá Dvorák sjálfum komin og er skrifuð á titilblað handrits hans af sinfóníunni. Verkið var frumflutt í desember sama ár í Carnegie Hall í New York og hlaut fádæma viðtökur. Sjálfur orðaði Dvorák það svo í bréfi til útgefanda síns: „ .. Dagblöðin segja að aldrei fyrr hafi tónskáld unnið viðlíka sigur. Ég var í stúku, salurinn var fullur af broddborgurum New York borgar, og fólkið klappaði svo mikið að ég varð að standa og hneigja mig eins og kóngur!? eins og Mascagni í Vín (ekki hlæja)." Ekki er að orðlengja það að sinfónían frá nýja heiminum hefur alla tíð síðan verið eitt vinsælasta tónverk sinfóníubókmenntanna.

Hljómsveitin þakkar eftirtöldum ómetanlegan stuðning:
Reykjavíkurborg, Neskirkju, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sarah Solberg.

****

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna

TÓNLEIKAR

í Neskirkju
sunnudaginn 28. febrúar 1999
kl. 17:00

Einleikarar: Áshildur Haraldsdóttir og
Elísabet Waage
Stjórnandi: Ingvar Jónasson

****

Aðgangseyrir er kr. 1000, frítt fyrir börn, nemendur og eldri borgara

EFNISSKRÁ:

W. A. Mozart: Konsert í C-dúr fyrir flautu, hörpu og hljómsveit, KV 299
Allegro
Andantino
Rondo. Allegro

- HLÉ -

A. Dvorák: Sinfónía nr. 9 í e-moll, op. 95, „Frá nýja heiminum"
Adagio - Allegro molto
Largo
Scherzo. Molto vivace
Allegro con fuoco

FLYTJENDUR:

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð 1990 og hefur starfað óslitið síðan. Hana skipar áhugafólk í hljóðfæraleik auk nokkurra tónlistarkennara og nemenda. Starfið í hljómsveitinni er ólaunað og æfingar eru haldnar einu sinni í viku. Sveitin kemur fram opinberlega nokkrum sinnum á ári, ýmist á sjálfstæðum tónleikum, með kórum eða við önnur tækifæri. Skemmst er að minnast uppfærslu hennar á óperunni „Amal og næturgestirnir" eftir Menotti fyrir síðustu jól.

Ingvar Jónasson hefur verið aðalstjórnandi og andlegur leiðtogi Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna frá upphafi. Hann hefur verið mikilvirkur í tónlistarlífinu eins lengi og elstu menn muna, lék um langt árabil á víólu í Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveitinni í Malmö og Óperuhljómsveitinni í Stokkhólmi. Auk þess kenndi hann við Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónlistarháskólana í Malmö og Gautaborg.

Áshildur Haraldsdóttir stundaði tónlistarnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík, New England Conservatory of Music, Juilliard School í New York og Franska Konservatoríinu í París. Hún hefur lengst af starfað erlendis, haldið fjölda einleikstónleika og komið fram sem einleikari með mörgum hljómsveitum. Hún hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir leik sinn. Síðan 1991 hefur Áshildur hljóðritað fjóra geisladiska fyrir útgáfufyrirtækin Intim Musik og Spor.

Elísabet Waage nam við Tónlistarskólann í Reykjavík og Konunglega Tónlistarháskólann í den Haag hjá hinum þekkta hörpuleikara Edward Witzenburg. Kammermúsík er stór hluti starfs Elísabetar en hún leikur einnig einleik og í hljómsveitum. Hún er búsett í Hollandi og hefur starfað víða um Evrópu, bæði á Íslandi og á meginlandinu. Í rúm 10 ár hefur hún leikið með hollenska flautuleikaranum Peter Verduyn Lunel og hefur útgáfufyrirtækið Arsis gefið út geisladisk með leik þeirra.

Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

Konsertmeistari: Ásta Óskarsdóttir

1. fiðla
Ásta Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Guðmundur Viggósson
Fríða Björg Leifsdóttir
Helga R. Óskarsdóttir

2. fiðla
Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir
Guðmundur Pálsson
Ester Elíasdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Hrefna Katrín Guðmundsdóttir

Víóla
Jakob Hallgrímsson
Þórunn Harðardóttir
Sturla Tryggvason
Helga Sigurjónsdóttir
Halldóra Æsa Aradóttir
Elínborg I. Ólafsdóttir

Selló
Páll Einarsson
Sverrir Teitsson
Hulda Jónsdóttir
Francien Peterse

Kontrabassi
Kjartan Guðnason
Leifur Benediktsson
Ómar Bergmann

Flauta
Una Björg Hjartardóttir
Helga Þórhallsdóttir

Óbó
Guðrún Másdóttir
Matthías Nardeau

Klarinetta
Sarah Solberg
Guðmundur G. Haraldsson

Fagott
Sigríður Kristjánsdóttir
Jóhanna Marín Óskarsdóttir

Horn
Kjartan Ólafsson
Ella Vala Ármannsdóttir
Torfi Þór Gunnarsson
Sturlaugur J. Björnsson
Runólfur Eymundsson

Trompet
David Nooteboom
Edda Rut Björnsdóttir

Básúna
Ingi Garðar Erlendsson
Einar Jónsson
Björn R. Einarsson

Pákur
Eggert Pálsson

Þríhorn
Björn R. Einarsson

UM HÖFUNDA OG VERK:

Árið var 1788. Á Íslandi var þjóðin að jafna sig eftir Skaftárelda og móðuharðindin og hafði varla heyrt hljóðfæri nefnd. **Wolfgang Amadeus Mozart** (1756-1791) var á faraldsfæti í Evrópu að leita sér að vinnu. Hann